



Léttir

Stefán Karl Snorrason, formaður

Kristófer Davíð Traustason, framkvæmdastjóri

Reykjavík, 4. mars 2021

**Úrskurður: Atvik í leik Léttir og KH þann 14. febrúar 2021**

Á fundi Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 3. mars 2021, var tekið fyrir erindi sem framkvæmdastjóri KSÍ sendi til nefndarinnar með vísan til greinar 19.2. í lögum KSÍ og 6. greinar reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Erindið varðaði atvik er átti sér stað í æfingaleik Léttis og KH þann 14. febrúar 2021. Erindið barst nefndinni þann 18. febrúar síðastliðinn og var þá ákveðið að gefa hlutaðeigandi aðilum kost á að skila skriflegri greinargerð um málið fyrir kl. 16:00 fimmtudaginn 25. febrúar.

Í samræmi við grein 6.2. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um önnur mál sem framkvæmdastjóri KSÍ eða aðrir, sem til þess hafa heimild, beina til nefndarinnar eða nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna knattspyrnuleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau.

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar 3. mars lá fyrir skrifleg greinargerð frá Létti dags. 24. febrúar sl. Að henni virtri og öðrum fyrirbyggjandi gögnum er það mat nefndarinnar að um sé að ræða alvarlegt agabrot leikmanns Léttis í leik Léttis og KH þann 14. febrúar sl.

Það er mat aga- og úrskurðarnefndar, í samræmi við grein 6.2. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál, að nefndinni sé heimilt að úrskurða um atriði er fram koma í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna jafnvel þó um sé að ræða knattspyrnuleik sem var ekki hluti af keppni á vegum KSÍ. Hefur nefndin því ákveðið í ljósi alvarleika brotsins að úrskurða Andra Már Ágústsson, leikmann Léttis, í þriggja leikja bann vegna atviksins í framangreindum leik, samkvæmt ákvæði 13.1.4. sömu reglugerðar. Leikbann Andra Más Ágústssonar tekur gildi við uppkvaðningu úrskurðar og skal tekið út í keppnum á vegum KSÍ.

**Úrskurðarorð:**

Andri Már Ágústsson skal sæta leikbanni í 3 leiki í keppnum á vegum KSÍ og tekur leikbann gildi við uppkvaðningu úrskurðar.

Samkvæmt grein 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Virðingarfyllt,  
f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson